

Þín rödd í ráðum borgarinnar
Hugmynd frá samráðsvef Betri Reykjavík
2. nóvember 2018

Heiti erindis: [Gera gatnamót Vesturgötu og Framnesvegur ánægjuleg og örugg](#)
Málaflokkur: Framkvæmdir
Viðtakandi erindis: Skipulags- og samgönguráð
Efst í málaflokknum: Nei
Meðal fimm efstu : Já, 2/5

Athugasemdir:

Fjöldi með hugmynd: 25	Fjöldi á móti hugmynd: 0
------------------------	--------------------------

Lýsing: Endurhönnunum gatnamót Vesturgötu og Framnesvegur með tilliti til gangandi og hjólandi vegfarenda. Gerum svæðið öruggara, vistvænna og ánægjulegra. Gerum pláss fyrir gróður og bekki, því ef bílastæðin og malbikið er skipulagt betur opnast pláss fyrir skemmtilegra göturými. Austast fyrir framan Vesturgötu 50 er sólríkur og skjólsæll blettur sem væri tilvalinn fyrir bekk.

Rök með hugmynd: 1	Rök gegn hugmynd: 0
<p>- Laga blindhorn fyrir bíla sem koma akandi úr vestri og ætla að beygja upp Framnesveg. - Á gatnamótunum er óþarflega mikið pláss notað fyrir bíla. - Gangstétt fyrir framan Vesturgötu 50 hefur verið nýtt sem bílastæði í langan tíma, gerir börnum erfitt að ganga eftir Vesturgötunni norðan megin, annað hvort eru þau fyrir aftan bílana eða þurfa smeygja sér inná milli. - Í stað þess að nota allt svæðið fyrir bíla væri hægt að koma fyrir bekk á sólríkum og skjólsælum stað og auka gróður.</p>	